

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Örfirisey



Dags eftirlits	14.11.2013	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST	
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Steinar Guðnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	356932,537 409711,484

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki fannst frávik frá kröfum í starfsleyfi við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Komið var í olíubirgðastöð Skeljungs hf. í Örfirisey og sest yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skrá skal viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, magn og gerð móttekinnar úrgangsolíu, magn og gerð spilliefna og einnig skal skrá mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim. Skráningar eru í góðu lagi.

Eitt mengunaróhapp varð í stöðinni þegar tæringargat kom á svartolíulögn á Eyjagarði. Föstudaginn 23. ágúst sl. var tilkynnt um óhappið og starfsmaður Umhverfisstofnunar mætti á svæðið. Unnið var að tæmingu lagnarinnar og viðgerð á henni ásamt því að starfsmenn olíufélaganna unnu í því að lágmarka áhrif af olíu sem runnið hafði í sjóinn. Flotgirðing var komin á staðinn og upptökubúnaður. Ákveðið var að olíufélögin skyldu sjá um hreinsun á svartolíunni en halda Faxaflóahöfnum og Umhverfisstofnun upplýstum.

Þegar komið var í eftirlit var enn unnið að viðhaldi á löndunarlögnum til þess að koma í veg fyrir leka vegna tæringar. Skrapað er upp ryð við samsetningar á rörum og ryðvarnarmálning borin á samskeytin.

Þrýstiprófanir á öllum lögnum stöðvanna sem ganga út úr mengunavarnarþróm bárust nú í haust og stóðust allar prófanir. Hafa því verið samþykktar til áframhaldandi notkunar.

Skeljungur á 14 geyma í stöðinni og hafa allir verið botnþykktarmældir á síðustu 10 árum. Einn geymir, nr. B211 (200-0005 050101), hefur verið dæmdur ónýtur og verður rifinn.

Fimm olíuskiljur eru í olíubirgðastöðvunum og þar af ein á Eyjagarði. Olíuefni í frárennsli frá skiljum í stöðinni hefur verið greint með olíuprófi Macherey-Nagel. Ekki greindist olía í neinu af frárennslum stöðvarinnar. Krafa er um árlegar mælingar. Sjálfvirkir skynjarar á magni olíu eru í þeim olíuskiljum þar sem mest álag er á kerfinu. Skilaboð eru send til vaktmanna ef olíumagn í skiljum nær ákveðnu marki.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Frávik frá síðasta ári hefur verið lagfært með því að brunnlok hefur verið þétt og er því ekki lengur leið fyrir vökva úr þrónni og niður í fráveitukerfi borgarinnar. Kröfu í grein 2.5 er því fullnægt, þróin er olíuheld.

Einhverjar kvartanir hafa komið til félaganna vegna lyktar frá olíubirgðarstöðvunum. Sameiginleg öryggisnefnd félaganna í Örfirisey tekur kvartanir til umfjöllunar og finnur lausn á þeim. Áfram er unnið að því að draga úr lyktarmengun frá starfseminni. Meðhöndlun bensíns og úrgangsolíu ber þó með sér að lykt mun alltaf koma af starfseminni.

Girðingar og hlið voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olfubirgðastöðina.

Reykjavík, 25.11.2013



Gottskálk Friðgeirsson

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.